

X. Tillaga til 403. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 7. september 2017.

Tillaga Marzellíusar Sveinbjörnssonar, bæjarfulltrúa framsóknarflokks, vegna stöðu sauðfjárbænda.

"Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar lýsir áhyggjum af stöðu sauðfjárbænda á svæðinu og skorar á ríkisvaldið að standa við bakið á sauðfjárbændum í kjölfar lækkunar á afurðaverði, en fjöldi íbúa sveitarfélagsins úr hópi sauðfjárbænda horfa fram á þriðjungs lækkun á afurðaverði í haust og tekjuskerðingu í samræmi við það upp á tugi prósentu, í kjölfar nærri 10% lækkunar afurðaverðs á síðasta ári. Þessar lækkanir munu koma harkalega niður á sveitum landsins og bitna sérstaklega á yngri bændum. Sauðfjárræktin er mikilvæg í dreifðum byggðum landsins og ef stjórnvöld vilja halda byggðajafnvægi, er fátt sem kemur í hennar stað - fyrirsjáanleg byggðaröskun er því í uppsiglingu. Það er mikilvægt að hafa hraðar hendur við að finna leiðir til mótvægis meðan bændur vaða þessa brimskafli".